



27. september 2005
Tilvísun: 2005090021

Samtök raforkufyrirtækja - Eurelectric¹

Tillögur Eurelectric um aðskilnað rekstareininga.

Aðskilnaður rekstareininga miðar að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli samkeppnisstarfsemi, þ.e. vinnslu og sölu raforku annars vegar og sérleyfisþátta, þ.e. flutnings og dreifingar raforku hins vegar. Í þessu tilliti er aðskilnaður rekstareininga lykill að skilvirkum raforkumarkaði í Evrópu.

EURELECTRIC er sannfært um að tilskipun 2003/54/EC feli í sér eðlilegt jafnvægi hvað varðar aðskilnað og treystir fullkomlega að þegar tilskipunin verður komin að fullu til framkvæmda muni hún uppfylla öll markmið sem henni voru ætluð. Markmið meðfylgjandi tillagna er að tryggja að ákvæðum er lúta að aðskilnaði rekstareininga sé beitt á réttan hátt.

Varðandi stjórnunarlegan aðskilnað í tilskipuninni, er því sérstaklega beint til fyrirtækja að tryggja aðskilnað og sjálfstæði stjórnenda dreifiveitna gagnvart framleiðslu og sölu og setja sérstakar starfsreglur² sem lýsa aðgerðum og stjórnunarferlum til að koma í veg fyrir mismunun. Annað meginatriðið aðskilnaðarákvæða tilskipunar 2003/54/EC tengist eftirlitsstofnunum en þær eiga að fylgjast með að bókhald mismunandi eininga sé aðskilið og tryggja að mismunun sé ekki til staðar hjá dreifiveitum. Hlutverk eftirlitsstofnana er að leysa úr ágreiningi og skipa fyrir um breytingar á skilmálum og kröfum um notkun veitukerfis sem settar hafa verið af viðkomandi dreifiveitu. Í tilskipuninni er þannig að finna samhæfðar reglur er lúta bæði að skipulagi fyrirtækja og eftirliti eftirlitsstofnana.

Nauðsynlegt að aðildarríkin bregðist nú skjótt og af nákvæmni við þeim breytingum sem boðaðar eru í frjálsræðisátt. Þær aðstæður sem upp hafa komið við það að meginhluti aðildarríkja hefur ekki komið tilskipuninni í framkvæmd, hálfu ári eftir að hún tók gildi, valda óvissu og virka sem neikvæð skilaboð til markaðarins og hagsmunaaðila. Þess

¹ Útgefið af Eurelectric í júní 2005, sbr. frumtexta á vefslóð:

europa.eu.int/comm/energy/electricity/florence/doc/florence_12/eurelectric_unbundling.pdf

Þýtt úr ensku af Orkustofnun.

² Um er að ræða **sérstakar starfsreglur** (compliance program) sem skilgreindar eru í tilskipun Evrópu-sambandsins nr. 2003/54/EC. Þessar sérstöku starfsreglur eiga að taka til aðskilnaðar sérleyfis- og samkeppnisþátta, verklags um aðferðir til að hindra mismunun notenda, trúnaðar í meðferð upplýsinga og sjálfstæði starfsmanna dreifingar sviðs. Einnig skal skilgreina í reglunum hvernig eftirliti með framkvæmd þeirra skuli háttáð.

vegna skorar EURELECTRIC á aðildarríkin að ljúka þegar ólokinni vinnu við breytingar og leggja sig fram við að tryggja að aðskilnaðarákvæðin í tilskipun 2003/54/EU séu lögfest í öllum aðildarríkjunum.

SKULDBINDING

EURELECTRIC er staðráðið í að leggja sitt af mörkum til að stuðla að því að uppræta millifærslu fjármuna og hindra að notendum sé mismunað í aðgangi að dreifikerfinu. Samtökin styðja að öllu leyti ráðstafanir gegn fyrirtækjum með lóðrétt skipulag skv. tilskipun 2003/54/EC og munu hafa frumkvæði að því að stuðla að lögformlegum, stjórnunarlegum og reikningslegum aðskilnaði.

Eftirfarandi tillögur bera þessari jákvæðu afstöðu vitni. EURELECTRIC telur að þau atriði sem talin eru upp í þessari tillögu geti orðið grunnur að sérstökum starfsreglum sem hvert fyrirtæki verður að koma á laggirnar.

Raforkuiðnaðurinn er skuldbundinn til að setja fram fullnægjandi áætlanir um aðskilnað eins og þær sem settar eru fram í tilskipuninni og EURELECTRIC telur öruggt að dreifiveitur eftir uppskiptingu, ættu á sama hátt og samkeppniseiningarnar að stuðla að skilvirkum samkeppnismarkaði með raforku og einbeita sér að viðskiptavinunum t.d. með því að bjóða upp á skilvirkar leiðir fyrir notendur sem vilja skipta um sölufyrirtæki³.

TILLÖGUR

Til að tryggja sjálfstæði kerfisstjóra, telur EURELECTRIC að tryggja þurfi lögformlegan, stjórnunarlegan og bókhaldslegan aðskilnað með eftirfarandi hætti;

◆ Tryggja öllum notendum dreifikerfisins jafnræði

○ Upplýsingaflæði

Það er mjög mikilvægt að dreifiveitur miðli ekki, í daglegu starfi, neinum upplýsingum til sviða eða deilda samstæðunnar, sem hafa á hendi framleiðslu, sölu eða viðskipti með raforku, sem ekki eru aðgengilegar þriðja aðila, og gætu tryggt þeim samkeppnislegt forskot eða yfirburði. Þetta krefst þess að rekstrarstjórar dreifiveitna og önnur svið fyrirtækisins ákveði skýrar reglur um aðskilnað (t.d. Kínamúra). Á sama hátt og með sama markmið að leiðarljósi, þ.e. að tryggja hlutleysi, skulu dreifiveitur semja um eða bjóða út nauðsynlega þjónustu (t.d. jöfnunarorku⁴ og töp) með gagnsæjum hætti og í samræmi við lög, reglugerðir og markaðsskilmála.

Spurningar vakna hvernig hægt sé að sinna almennri þjónustu jafnframt því að gæta trúnaðar. Að mati EURELECTRIC ætti slíkt að vera leyfilegt, t.d. af hagkæmnisástæðum, þó þannig að þjónustan hafi ekki í för með sér miðlun upplýsinga milli dreifingar annars vegar og

³ Skipti notenda á sölufyrirtæki er ekki í öllum löndum hlutverk dreifiveitna, t.d. er það hlutverk sölufyrirtækja í Bretlandi að annast það.

⁴ Kerfisstjóri flutningskerfisins er ábyrgur fyrir samningum um eða útboði á jöfnunarorku hér á landi.

framleiðslu, sölu eða viðskipta með raforku hins vegar. Tryggja verður að unnið sé með viðkvæmar viðskiptaupplýsingar út af fyrir sig og að trúnaður í meðferð þeirra sé tryggður á sem hagkvæmasta hátt. Ein leið til að ná þessu fram er að tryggja aðgreindan aðgang að sameiginlegum gagnagrunni eða hafa aðskilda gagnagrunna fyrir dreifiveitu annars vegar og framleiðslu, sölu og viðskipti með raforku hins vegar.

○ Tengsl við viðskiptavini dreifiveitu

Auk samningsbundins aðgengis að veitukerfum, verður dreifiveita að tryggja rekstur, viðhald og styrkingu kerfisins án mismununar. Allir notendur verða að þessu leyti að fá sambærilega þjónustu, burtséð frá því við hvaða sölufyrirtæki þeir skipta. Þessu til viðbótar verður dreifiveita, með hliðsjón af hagsmunum viðskiptavinar sinna, að sjá til þess að söludeild samstæðunnar njóti ekki forgangs umfram önnur sölufyrirtæki.

◆ **Setja sérstakar starfsreglur⁵ og fylgjast með framkvæmd þeirra**

- EURELECTRIC telur að sérstakar starfsreglur í takt við tilskipunina muni styrkja verulega viðhorf til aðskilnaðar í fyrirtækjum með lóðréttar starfsemi⁶. Nauðsynlegt er að taka upp slíkar starfsreglur hjá dreifingarsviðum raforkufyrirtækja til að tryggja að starfsfólk gæti óhlutdrægni. EURELECTRIC er engu að síður sannfært um að einnig þurfi að kynna reglurnar fyrir samkeppnishluta samstæðunnar, þannig að starfsemi hans sé með sama hætti. Þess vegna ætti innleiðing starfsreglna og eftirlit með þeim að vera á ábyrgð starfshóps.

EURELECTRIC er þeirra skoðunar að starfsreglurnar eigi að ná til allra þeirra verkferla er tengjast stjórnunarlegum aðskilnaði dreifiveitna, en þó sérstaklega þeirra þátta er lúta að meðferð viðkvæmra viðskiptaupplýsinga.

◆ **Tryggja dreifiveitum skilvirkt ákvarðunarvald og nægilegt fjármagn**

- Til að tilskipunin nái fram að ganga verður að veita stjórnendum dreifiveitna virkan rétt til ákvarðanatöku er viðkemur rekstri, viðhaldi og uppbyggingu veitukerfisins. Móðurfyrirtækið fer, samt sem áður, með yfirstjórn og hefur eftirlitshlutverk sem meðal annars lýtur að arðsemi eigna, þ.e. samþykkt fjárhagsáætlunar eða annars sambærilegs stjórnækis dreifiveitunnar og ákvarða skuldsetningu dreifiveitunnar. Svo fremi dreifiveitur haldi sig innan samþykktara fjárhagsáætlana, eiga nýframkvæmdir og endurbygging veitukerfisins að vera á valdsviði þeirra, án afskipta móðurfyrirtækis.

- Til að réttur til ákvarðanatöku leiði til raunverulegrar niðurstöðu, telur EURELECTRIC mikilvægt að veitukerfisdeildin hafi nægileg fjármagn til að spila úr.

⁵ Sbr. tilvísun 1 á bls. 1.

⁶ Lóðrétt skipulag er þar sem vinnsla, dreifing og sala er á sömu hendi.

◆ **Sömu starfsmenn sinni ekki verkefnum er lúta að veitukerfi og þeim er lúta að vinnslu raforku eða sölustarfsemi**

Fyrir sjálfstæða ákvarðanatöku og til að koma í veg fyrir óeðlileg tengsl milli dreifiveitu og annarra sviða samstæðunnar skulu sömu starfsmenn ekki starfa bæði fyrir dreifiveituna og vinnslu-, smásölu- eða heildsölusvið. Til að undirstrika þetta frekar er það álit EURELECTRIC að starfsfólk dreifiveitu og stjórnendur hennar skuli ekki tengjast daglegum rekstri vinnslu, sölu eða raforkuviðskiptum.

Af hagkvæmnisástæðum ætti starfsmönnum dreifiveitu að vera heimilt að starfa einnig fyrir önnur svið eða deildir samstæðunnar en þá að rekstrartengdum eða tæknilegum verkefnum, t.d. viðhaldi vélarspenna. Í slíku tilviki verður starfsmaður dreifingarviðs, samt sem áður, að gæta trúnaðar í meðferð þeirra upplýsinga sem hann fær eða aflar sér og greiðslur fyrir slíka þjónustu að vera á markaðsverði.

◆ **Tryggja sjálfstæði starfsmanna við dreifingu raforku**

Eins og krafist er í tilskipuninni þarf að taka tillit til faglegra hagsmuna stjórnenda dreifingar til að tryggja sjálfstæði í ákvörðunum. Til að þetta náist fram þarf að tryggja:

- að laun yfirmanna dreifingar séu óháð árangri í framleiðslu, sölu eða viðskiptum með raforku
- að ráðning/uppsögn stjórnenda dreifingar skulu vera ákvörðuð af dreifingarviði án afskipta framleiðslu, sölu eða viðskipta. Ráðning framkvæmdastjórnar dreifiveitu (framkvæmdastjóri (CEO), fjármálastjóri(CFO) ...) gæti verið ákveðin af samstæðunni
- ef starfsmaður dreifiveitu ræður sig til starfa hjá framleiðslu, sölu eða viðskiptadeild með raforku verður hann að vera meðvitaður um þá ábyrgð sem felst í aðskilnaði rekstrareininga og sérstaklega það að hann megi ekki miðla þeim upplýsingum sem hann býr yfir. Til að tryggja þetta betur væri æskilegt að halda námskeið til að fara yfir fyrrnefndar starfsreglur um skyldur aðila í þessu sambandi sbr. tilvísun 2 á bls.1.